

LEIKSKÓLINN



SÓLVELLIR

**VINÁTTA – VIRÐING - VINSEMD**

Handbók foreldra

## Leikskólinn Sólvellir

Á Sólvöllum dvelja börn frá eins árs aldri til fimm ára. Leikskólinn er tveggja deilda þar sem eru blandaðar deildar, allt eftir því hve margir nemendur dvelja þar hverju sinni. Deildarnar heita, Drekadeild og Músadeild. Leikskólinn opnar kl. 7:45 og er opinn til 16:00

### Velkomin í leikskólann

Samstarf milli heimilis og leikskóla hefst áður en barnið byrjar í leikskólanum. Sótt er um leikskóladvöl á þar til gerðu eyðublaði í leikskólanum, á heimasíðu Grundarfjarðarbæjar eða heimasíðu leikskólans <http://solvellir2.leikskolinn.is/Upplysingar/Leikskolaumsokn> sami linkur er á báðum heimasíðum. Æskilegast er að sótt sé sem fyrst um fyrir barnið. Leikskólinn er fyrir börn frá eins árs aldri. Foreldrar fá skriflega tilkynningu frá leikskólastjóra þegar barnið getur byrjað og eru boðaðir á fund með leikskólastjóra og deildarstjóra þar sem foreldrum er sýnd ferlimappa sem heitir „Ég og leikskólinn minn“. Þessi ferlimappa fylgir barninu í gegnum leikskólagönguna. Í ferlimöppunni eru allar upplýsingar frá upphafi leikskólagöngu barnsins til loka hennar.

Í þessa ferlimöppu eru settar upplýsingar um þroska barnsins. Þar eru myndir sem teknar eru af barninu í starfi, skrifaðar lýsingar á því hvað það er að gera í skólanum ásamt myndum sem það teiknar. Atferliskannanir, könnun á hugtakaskilningi og upplýsingar til foreldra í foreldraviðtölum eru einnig sett í möppuna. Þegar barnið útskrifast frá leikskólanum fær það möppuna til eignar.

Með því að halda ferlimöppu fyrir hvert barn eiga leikskólakennarar auðveldara með að fylgjast með framförum í þroska og skólagöngu þess í leikskólanum. Ferlimappan gefur foreldrum kost á að geta betur fylgst með þroska og skólagöngu barnsins.

## Hugmyndafræði leikskólans Sólvalla

Leikskólinn Sólvellir vinnur eftir Aðalnámskrá leikskóla, lögum um leikskóla og skólastefnu Grundarfjarðarbæjar. Leiðarljós skólastefnunnar Grundarfjarðarbæjar eru samvinna, ánægja og virðing og hana má finna í heild sinni á heimasíðu Grundarfjarðarbæjar. Einkunnarorð leikskólans Sólvalla er: VINÁTTA - VIRÐING - VINSEMD.

Forgangsverkefni Sólvalla næstu 3 - 5 árin er að innleiða Uppeldi til ábyrgðar inn í daglegt starf leikskólans. Einnig erum við að stefna á að vera heilsueflandi leikskóli. Þetta eru áherslurnar í daglegu starfi.


Uppeldi til ábyrgðar hefur það markmið að ýta undir sjálfstjórn og ábyrgðarkennd barna og unglunga. Hún þjálfar börn og unglunga í að átta sig á þörfum sínum og fá þau til að tjá tilfinningar sínar, en jafnframt að setja sig í spor annarra. Hún kennir þeim sjálfsstjórn og sjálfsaga og gerir þeim kleift að læra af mistökum sínum. Þessi aðferð styður einnig við starfsfólk í starfi sínu og hjálpar þeim að móta ákveðna stefnu í samskipta og agamálum. Börnum er kennd sjálfstjórn og sjálfsagi og þau fá að læra af mistökum sínum.

Kenningin gengur út frá því að við höfum öll 5 þarfir sem við leitumst við að uppfylla í daglegu lífi okkar. Samkvæmt Diane Gossen (sem er höfundur stefnunnar) þá þjónar öll okkar hegðun einhverjum tilgangi, að það sé alltaf einhver ástæða fyrir því sem við gerum, hvernig við hugsum og hvaða tilfinningar vakna hjá okkur. Tilgangurinn er að sinna þessum ákveðnu þörfum, að uppfylla þær. Þessari þarfir eru, **ÖRYGGI** sem er grunnþörfin okkar. Að hafa þak yfir höfuðið, fá mat, fá aðstoð, allt sem við getum tengt við öryggistilfinninguna. Við höfum einnig þörf fyrir **ÁST OG UMHYGGJU** – að tilheyra öðrum, að elska, að þykja vænt um og að finna fyrir og upplifa vináttu. **EIGIÐ ÁHRIFAVALD** er ein þörfin, við höfum þörf fyrir að fá viðurkenningu, öðlast færni og hæfni. Við höfum þörf fyrir **FRELSI**, að finnast við hafa valmöguleika, upplifa sjálfstæði og sjálfsstjórn og að lokum höfum við þörf fyrir að upplifa **GLEÐI OG ÁNÆGJU**, að hlæja, hafa gaman, læra af hvort öðru og með öðrum, að skapa og vera skapandi.

Gossen telur að uppbygging feli í sér einhvers konar endurgjald, að við þráum breytingum til batnaðar. Áherslan er ekki eingöngu á að bæta brotþola skaðann heldur líka að sá brotlegi geti bætt fyrir mistök sín, orðið betri manneskja og gefið af sér þá góðvild sem aðrir sýna honum. Gossen talar um 5 aðferðir til stjórnunar:

- Refsing
- Vekja sektarkennd
- Fortölur og gylliboða
- Reglufesta
- Uppbyggingarstjórnun, en þetta telur Gossen að sé álitlegasta aðferð til stjórnunar.

Við getum beitt refsingu bæði í orði og verki. Sá sem refsar notar gagnrýni, niðurlægingu, reiði eða kaldhæðni. Samkvæmt Gossen er þetta ekki leið til að börn læri eitthvað og að þau eflist ekki með því að hljóta refsingu. Sá sem vekur upp sektarkennd predikar fyrir börnunum eða kemur með athugasemdir sem vekja sektarkennd hjá öðrum einstakling. Höfðar til gildismats hjá öðrum einstakling þannig að honum finnst hann einskis verður. Börnin fá það á tilfinninguna að þau séu slæm og eru afleiðingarnar lágt sjálfsmat, börnin geta falið eða neitað fyrir mistök sín og geta orðið snillingar í að afsaka sig. Fortölur og gylliboð er stjórnunaraðferð sem hinn fullorðni notar með viðurkenningu og hólí. Jákvæðri styrkingu er beitt með því að fá barn til að gera hitt og þetta fyrir verðlaun eða borgun. Kosturinn er sá að starfsmaður nær sambandi við barnið og þessi aðferð gengur út á vinskap og gamansemi til að hafa áhrif á aðra manneskju. Það neikvæða er að barnið gerir starfsmanni til geðs og jafnvel engum öðrum. Börnin gera kannski eitthvað fyrir einn ákveðinn starfsmann en engan annan. Við viljum því nota fortölur og gylliboð í sem fæstum tilvikum, helst aldrei.



Reglufesta byggir á viðurlögum og reglum. Að reglurnar séu virtar og farið sé eftir þeim. Börnin vita hver viðurlögin eru ef reglurnar eru brotnar. Þessi aðferð byggir á kenningu um samband milli áreitis og viðbragðs. Afleiðingin er hlýðni og fylgispekt. Það er mjög gott að setjast niður með börnum og vera með þeim að semja reglur sem gilda eiga í hópnum. Þá geta börnin hjálpað hvort öðru að fara eftir reglunum og muna þær. Við getum notað stutt innngrip til að hjálpa börnunum inn á rétta braut. Það er mjög mikilvægt að starfsmaður sé afslappaður í framkomu og það sé yfirvegum í röddinni. Starfsmaður stendur ekki yfir barni og ásakar það heldur beinir því á rétta braut. Hægt er að spyrja hvað það eigi að vera að gera núna, t.d. ef barn á að sitja við matarborð í matartíma en það er stöðugt að fara af stólum og flakka um. Þetta er hægt að gera t.d. með því að spyrja:

Er í lagi það sem þú ert að gera núna?	Hvenær ertu tilbúin?
Hvað get ég gert til að hjálpa þér?	Hvað átt þú að vera að gera núna?
Geturðu fundið aðra leið?	Hvernig get ég hjálpað þér?

Orðin sjálf eru 10% af skilaboðunum, 35% er tónninn í röddinni og 55% eru svipbrigði og líkamstjáning. Þetta er ekki endilega spurning um hvað við segjum heldur hvernig við segjum það og tjáum með líkamsbeitingu okkar.

Fyrstu aðferðirnar, það er refsing, vekja sektarkennd, fortölur og gylliboð eru aðferðir þar sem starfsmaður stjórnar barninu og tekur ábyrgð á hegðun þess. Uppbyggingarstjórnun byggir á því að starfsmaðurinn geri eitthvað með barninu og hjálpi því að taka ábyrgð á hegðun sinni. Lögð er áhersla á að barnið sé sinn eigin framkvæmdarstjóri og stjórnandi. Aðferðin er til að hjálpa barninu að lagfæra með því að gefa færi á að bæta fyrir mistök sín.

Einnig lítum við til John Dewey sem taldi að nám barna fælist fyrst og fremst í að þau fái að upplifa og prófa á eigin forsendum og þannig læri þau af reynslunni (learning by doing). Að okkar mati þá vinnur þetta tvennt mjög vel saman, þ.e. Dewey – learning by doing og uppeldi til ábyrgðar.

Heilsueflandi leikskóli er verkefni á vegum landlæknisembættis, en við skráðum okkur í það verkefni og munum hefja undirbúningsvinnu haustið 2019. **Heilsueflandi leikskóli** leggur sérstaka áherslu á að vinna með átta lykilþætti sem tengjast skólastarfinu. Þeir eru: **hreyfing, mataræði, geðrækt, öryggi, tannheilsa, fjölskylda, nærsamfélag og starfsfólk.**

Gert er ráð fyrir að Heilsueflandi leikskólar setji sér heildræna stefnu um heilsueflandi skólastarf, ásamt tímasettri aðgerðaáætlun, og að í skólanámskrá sé tekið mið af stefnunni.

Stefnan þarf að vera unnin í góðu samstarfi skólastjórnenda, kennara, annars starfsfólks, foreldra, barna og nærsamfélagsins en þannig næst bestur stuðningur við málefnið og sameiginlegur skilningur.

Reglulega þarf síðan að meta árangur stefnunnar og endurskoða í samráði við fulltrúa allra þeirra sem áttu þátt í gerð hennar



## **Aðlögun barna í leikskólann**

Á meðan barnið er í aðlögun er lagður grunnur að gagnkvæmum kynnum, trausti og virðingu á milli foreldra og leikskóla. Aðlögun barna er einn þáttur í uppeldistarfinu og skiptir miklu máli fyrir líðan barnsins hvernig til tekst. Að byrja í leikskóla er ný reynsla, allt er framandi og ókunnugt og því er mikilvægt að vel sé staðið að málum. Markmiðið er að efla öryggiskennd og vellíðan barns og foreldra í framandi aðstæðum og stuðla að gagnkvæmum kynnum milli fjölskyldu barnsins og leikskólans. Góð samvinna milli foreldra og leikskóla er forsenda þess að leikskóladvölin verði árangursrík og ánægjuleg.

Það er margt nýtt sem barnið þarf að læra t.d. ýmsar reglur, daglegar venjur, umgengni við leikföng o.fl. Til þess að barnið öðlist öryggi við þessar nýju aðstæður þarf að gefa því góðan tíma til aðlögunar. Góð tilfinningatengsl við kennara eru forsenda þess að barninu líði vel og að það skilji sátt við foreldra sína, í þeirri vissu að þeir komi aftur. Þess vegna er nauðsynlegt að annað foreldrið dvelji með barninu í aðlöguninni fyrstu 3 dagana eða lengur ef þörf krefur. Þá kynnast foreldrar og börn kennurum, starfsfólki og starfsemi leikskólans. Við viljum leggja áherslu á góða samvinnu kennara og foreldra.

## **Hvernig fer aðlögunin fram**

Þegar barn byrjar í leikskóla er það stór stund í lífi bæði þess og foreldranna. Fyrir margar fjölskyldur eru þetta tímamót sem krefjast breytinga á högum þeirra og valda streitu. Til að auðvelda aðallega börnum en líka foreldrum og starfsfólki umskiptin, hefur í gegnum tíðina tíðkast að setja upp sérstakt skipulag í leikskólum, sem gengur undir nafninu aðlögun. Það einkennir núverandi aðlögun að athyglin beinist fyrst og fremst að börnunum, henni er ætlað að létta þeim aðskilnaðinn. Börnin kynnast starfsfólkinu smám saman og traust skapast milli þeirra. Hin síðari ár hefur jafnframt verið lögð áhersla á að eitt markmið aðlögunar sé að foreldrum gefist tækifæri til að kynnast starfsfólki og treysta því. Í dag er ríkjandi hugmynd innan leikskólafræðanna að leikskólinn sé ekki staðgengill heimilisins og starfsfólkið þar af leiðandi ekki staðgenglar foreldra. Leikskólinn er samfélag þar sem fullorðnir og börn byggja upp þekkingu saman, staður námstækifæra. Barnið tekur virkan

þátt í að móta umhverfi sitt og þekkingu. Í þeim anda er hin nýja aðlögun sem nefnd hefur verið þátttökuaðlögun. Hún byggist á því að ekki sé verið að venja barnið við að vera skilið eftir í leikskólanum, heldur sé það að læra að vera í nýjum aðstæðum. Aðlögunin byggir á fullri þátttöku foreldranna í starfi leikskólans þá daga sem hún á sér stað

Í byrjun koma foreldrar á fund með deildarstjóra þar sem þeim er kynntur leikskólinn og starfsemin sem þar fer fram. Þegar leikskóladvöl barnsins hefst kemur foreldri með barninu og fylgir því í 3 daga á leikskólanum, þetta form aðlögunar kallast þátttökuaðlögun. Þátttökuaðlögun byggir meðal annars á þeirri trú að öruggir foreldrar smiti eigin öryggiskennd yfir til barna sinna. Foreldrar eru fullir þátttakendur frá fyrsta degi og fá þannig reynslu af skipulagi starfseminnar sem á sér stað í leikskólanum. Foreldrarnir eru með börnum sínum fyrstu þrjá dagana í leikskólanum og eru með þeim inni á deild allan tímann. Þeir sinna börnum sínum, skipta á þeim, gefa þeim að borða, leika með þeim og eru til staðar. Starfsfólk tekur einnig þátt, en það skipuleggur daginn, deilir verkefnum og skráir það sem fyrir augu ber. Á fjórða degi koma börnin um morguninn, kveðja foreldra sína og eru fullan dag í leikskólanum. Í einhverjum tilfellum þarf barn að hafa foreldri hjá sé fjórða daginn en reynslan sýnir að þau eru mjög fá. Með þessu móti fá foreldrar tækifæri til að kynnast hvert öðru, kynnast starfsfólki og sjá það í verki og öðlast skilning á þeim raunveruleika sem börnin upplifa innan leikskólans á hverjum degi.

## Daglegt starf

Við leggjum áherslu á að taka vel á móti nemandanum og láta hann finna að hann sé velkominn. Leikskólinn ber fyrst ábyrgð á barni þegar starfsfólk leikskólans hefur tekið á móti því. *Við biðjum foreldra að* tilkynna kennurum þegar börnin mæta og láta vita þegar þau eru sótt. Ef barn mætir seint verður það oft óöruggt og er lengur að komast inn í hópinn.

Ef barn er sótt of seint er hringt í foreldra eða aðstandendur. Auka gjald er sett á dagvistagaldið ef barn er ekki farið út úr húsi kl 16:15, samkvæmt gjaldskrá Grundarfjarðarbæjar. Nauðsynlegt er að foreldrar láti vita ef barnið kemur ekki í leikskólann og eins ef það mætir seinna. Foreldrar eru beðnir um að láta vita ef einhverjir aðrir en nánustu aðstandendur sækja barnið.



Nauðsynlegt er að nemendur leikskólans mæti tímanlega í skólann svo að þau missi ekki af þeirri starfsemi sem fram fer fyrst á morgnana. Allir nemendur eiga að vera mættir kl. 10:00 og helst kl. 09:00 en þá er morgunmatartími búin. Ef nemandi getur alls ekki mætt á réttum tíma, eru foreldrar beðnir að tilkynna það á deild barnsins.

## **Starf inni á deildum**

Hver deild hefur sitt dagskipulag, sem byggt er á námskrá skólans. Það nær til starfssemi deildarinnar bæði úti og inni. Dagskipulagið er sett upp á vegg svo það er sýnilegt foreldrum. Tilgangur dagskipulagsins er að gera starfið sýnilegra og að halda utan um daglegar athafnir.

## **Að klæða sig í og úr**

Í fataherberginu fer fram mikið uppeldis-og fræðslustarf. Börnin klæða sig að mestu í og úr sjálf en fá hjálp ef þau þarfnast hennar. Þetta eykur sjálfstæði þeirra og styrkir sjálfsmynd. Börnunum er gefinn góður tími því að ekki skiptir máli hvort barn kemst út nokkrum mínútum fyrr en seinna. Áður en farið er út, er talað um hvernig veðrið er og hvaða klæðnaður hæfir. Vel er fylgst með að klæðnaður barnanna sé í samræmi við veður og einnig er þess gætt að hann hindri ekki hreyfingar þeirra í leik. Elstu börnin eru hvött til að bera ábyrgð á klæðnaði sínum undir eftirliti. Þegar þau koma inn klæða þau sig úr og ganga frá fötunum sínum eftir getu og aldri.

## **Hreinlæti**

Hreinlæti er mikilvægur þáttur í daglegu lífi barnanna. Lögð er áhersla á að börnin sturti niður og þvoi sér um hendur eftir klósettferð. Yngstu börnin læra að halda sér hreinum og þurrum. Mikilvægt er að gæta þess að sá ferill gangi fyrir sig á jákvæðan hátt. Reynt er að gæta hreinlætis í hvívetna, ekki síst með tilliti til smithættu. Eldri börn fara á klósett þegar þau þurfa, en bleyjuskipti á yngri börnum eru í föstum skorðum.

## Frágangur og snyrtimennska

Einn liður í uppeldi og menntun barnanna er að þau læri að ganga frá fatnaði sínum og leikefni. Börnin eru þátttakendur í undirbúningi að ýmsum verkefnum, t.d. með því að sækja sér efnivið. Lögð er áhersla á að leikföng og efniviður sé sýnilegur og aðgengilegur fyrir börnin og að þau gangi frá eftir sig áður en skipt er um verkefni.

## Borðhald

Matartíminn á að vera notalegur tími þar sem öllum líður vel. Ef vel er á haldið getur borðhaldið haft mikið uppeldislegt gildi, þar gefast gjarnan tækifæri til skemmtilegra og fræðandi umræðna. Kennarar matast um leið og börnin og aðstoða þau eftir þörfum. Áhersla er lögð á góða borðsiði og tillitssemi. Áður en börnin borða, þvo þau sér um hendur. Þau matast inni á deildum þar sem hver og einn hefur sitt sæti. Á eldri deildinni, skiptast börnin á að leggja á borð og eru þá aðstoðarmenn. Þau skammta sér sjálf á diskinn, nota hníf og gaffal, hella í glasið sitt, aðstoða hvert annað og læra að biðja hvert annað að rétta sér. Ekki er byrjað að borða fyrr en allir eru búnir að fá sér mat á diskinn. Þau ganga frá eftir sig. Hvert barn þvær sér um munninn eftir matinn. Hvert barn þakkar fyrir sig þegar það er búið að borða og fer í hvíldarkrók. Þetta er þáttur í uppeldi þeirra til sjálfstæðis og sjálfsbjargar.

## Svefn og hvíld

Eftir hádegisverð er hvíld og róleg stund, yngstu börnin sofa en þau eldri eiga kyrrláta stund, hlusta á sögu eða rólega tónlist. Lögð er áhersla á að skapa rólegt og þægilegt andrúmsloft í hvíldinni. Lengd svefntíma fer eftir óskum foreldra.

## Samverustundir

Í samverustundum er farið yfir ýmsa hluti. Í þessum stundum fer fram mikil málörvun. Það eru klöppuð atkvæði, ríma, setja saman orð, taka í sundur orð, skoða stafi, tölustafi, líkamsheiti, liti, form, afmæli barna, heimili barna, fjölskylda barna o.fl. Einnig er lesin bók og börnin spurð spurninga úr bókinni til að athuga skilning og hlustun. Samverustundir eru á hverjum degi.

## Hagnýtar upplýsingar

### Fatnaður

Körfur með auka fötum barnanna eru geymdar inn á baðherbergjum inn á hvorri deild. Leikskólinn er vinnustaður barnsins og því viljum við biðja ykkur að velja fatnað í samræmi við það. Hann þarf að vera þægilegur og gott að hreyfa sig í honum og þola ýmiss óhöpp sem geta átt sér stað í leik og starfi, t.d. málningu, lím og fl. Það kemur fyrir að föt blotna eða verða óhrein og þá eru þau send heim í taupokum. Við biðjum svo foreldra að skila taupokunum til okkar aftur. Með því að nota taupoka erum við að vinna í að minnka plastnotkun á leikskólanum.

**Fatahólf barnanna skulu tæmd á hverjum föstudegi að lokinni vinnuvíku.**

### Eldhús

Í eldhúsi Sólvalla eru matreiddar allar máltíðir skóladagsins og einnig hádegismatur fyrir Eldhamra og Grunnskólann. Matseðillinn er gerður mánaðarlega. Lögð er áhersla á hollan og góðan heimilismat sem gerður er á staðnum. Í morgunmat er boðið upp á hafragraut og morgunkorn 4 morgna í viku og á föstudögum er einhverskonar uppbrot á morgunmatnum. Alla morgna er boðið upp á lýsi. Fiskur er á matseðlinum einu sinni til tvisvar í viku. Stuðst er við viðmið Lýðheilsustöðvar við gerð matseðla. Matseðlar eru settir inn á Karellen og þar sjá foreldrar hvað er í boði hvern dag. Komið er til móts við þarfir barna og starfsfólks vegna fæðuþóps eða fæðuofnæmis. Foreldrar eru beðnir um að koma með læknisvottorð um fæðuofnæmi/þól.

## **Afmæli barna**

Í leikskólanum er haldið upp á afmæli barnanna. Afmæli er stór viðburður í lífi hvers barns og við reynum að stuðla að því að barnið upplifi hann á skemmtilegan og eftirminnilegan hátt. Afmælisbarnið fær kórónu, það fer í eldhúsið þar sem það velur sér veitingar, ís, popp eða saltstangir, til að bjóða börnunum á deildinni. Kveikt er á kertum, íslenski fáninn tekinn fram og sungin afmælissöngur barninu til heiðurs. Tekin er mynd af afmælisbarninu. Haldið er upp á afmæli þeirra sem eiga afmæli meðan sumarfrí er í síðustu viku fyrir lokun.

## **Skóladagatal**

Skóladagatal er gert fyrir fyrir hvert skólaár og gildir það frá opnun leikskólans eftir sumarfrí að sumarlokun næsta árs. Þar koma fram upplýsingar um helstu viðburði í skólastarfinu, frídaga, uppbrotsdaga og einnig skipulags- og námskeiðdaga starfsfólks.

## **Skipulags og námskeiðdagar**

Á hverju skólaári eru 5 skipulags og námskeiðsdagar sem koma fram á leikskóladagatalinu. Þessa daga nota kennarar til að skipuleggja og endurmeta starfið. Þeir eru einnig notaðir fyrir námskeið og fræðslu til að efla starf skólans.

## **Sumarleyfi**

Leikskólinn lokar í fimm vikur á hverju sumri. Sumarlokun er alltaf á sama tíma og helst í hendur við lokun leikskólans Eldhamra. Leikskólinn Sólvellir loka þó viku seinna en Eldhamrar, sem lokar í sex vikur og báðir skólarnir opna á sama tíma. Miðað er við að sumarfrí byrji á mánudegi.

## **Jól og nýár**

Leikskólinn er lokaður á aðfangadag og gamlársgang. Hann er einnig lokaður á milli jóla og nýárs. Þessi lokun milli jóla og nýárs eru starfsmannafundir, en þeir eru teknir eftir lokun leikskólans á virkum degi.

## Veikindi - Slys – óhöpp

Þegar börnin verða veik eru foreldrar beðnir að láta kennara vita. Það er bæði mikilvægt vegna starfseminnar og einnig til að við getum látið aðra vita ef um smitandi sjúkdóma er að ræða. Ekki er hægt að taka við veikum börnum í skólann. Ef börnin verða veik í leikskólanum, hringjum við strax í foreldra og þeir eru beðnir um að sækja barnið. Til að fyrirbyggja að barni slái niður eftir veikindi er skilyrði að það dvelji hitalaust heima í einn dag. Eftir veikindi er foreldrum heimilt að hafa barnið undanskilið útveru í einn dag í leikskólanum. Ef barn er búið að vera veikt í fjórar vikur samfleytt er hægt að sækja um niðurfellingu á leikskólagjaldi á þar til gerðu umsóknareyðublaði hjá leikskólastjóra.

Ef barn slasast í leikskólanum er strax haft samband við foreldra. Ef um alvarlegt slys er að ræða og ekki næst í foreldra er farið með barnið á heilsugæsluna. Öll slys sem verða í leikskólanum eru skráð á þar til gerð eyðublöð vegna seinni tíma í sambandi við tryggingar. Börn í leikskólanum Sólvöllum eru slysatryggð hjá VÍS á meðan þau dvelja þar. Sjálfsábyrgð foreldra er kr. 12.000. Upplýsingar um skilmálana er hægt að fá hjá Vátryggingafélagi Íslands.



## Varðandi veikindi leikskólabarna og lyfjagjafir

Vegna fyrirspurnar um það, hvenær þau börn megi sækja leikskóla, sem eru veik eða á einhvern hátt sýkt, þá mæla heimilislæknar með eftirfarandi:

Barn með hækkaðan líkamshita (38° eða hærra við endaparmsmælingu), verki eða slen af einhverjum orsökum ætti ekki undir neinum kringumstæðum að dveljast í leikskóla. Ástæður þeirra ráðlegginga eru fyrst og fremst viðleitni til að draga úr vanlíðan barnsins, sem í leikskólanum verður fyrir mun meira álagi en heima og nýtur ekki sömu umönnunar og hjá foreldrum. Líkamshiti upp að 38° þarf ekki að benda til sjúkleika, en sé um vanlíðan að ræða, ber að hlífa barninu við álagi leikskóladvalar.

Barn smitar mest þegar það er að veikjast og veikt barn skal dvelja heima þar til það hefur verið hitalaust í 1-2 sólarhringa. Þegar barnið kemur aftur í leikskólann eftir veikindi þarf það stundum að vera inni í 1-2 daga.

Barn með augljóst smit ætti ekki að sækja leikskóla (en þó verður að gera undantekningu á saklausum kvefpestum, sem aldrei verður hægt að forðast). Þetta gildir um bakteríusýkingar, sem berast manna á milli (streptokokkahálsbólga, skarlatsótt, sumar lungnasýkingar, sýkt og opin húðsár og rennandi niðurgang, þar til sýklalyfjameðferð hefur staðið í 1-2 sólarhringa. Flestar veirusýkingar (kvef, magapest með uppköstum og/eða niðurgangi, influensa, útbrotapestir aðrar en skarlatsótt) eru smitandi í a.m.k. viku, nema einkenni séu um garð gengin fyrr. Þess má geta, að augnrennsli og stýrur í augum eru í fæstum tilvikum neitt alvarlegri en hor í nös og lagast venjulega án meðferðar, nema um roða í hvítu eða þrútin augnlok sé að ræða. Í vafatílfellum ættu foreldrar að ráðfæra sig við lækni sinn.

Greinist njálgur eða kláðamaur hjá barni, ætti öll fjölskyldan að fá meðferð samtímis, sem oftast er aðeins beitt í eitt skipti en stundum þó endurtekin eftir viku. Sólarhring eftir meðferð er smithættan liðin hjá og barnið má aftur fara í leikskólann. Ef slíkt kemur upp í leikskóla er ástæða til að aðrir foreldrar leiti að þessum snikjudýrum hjá börnum sínum.

Lyfjagjafir á leikskólatíma eru í flestum tilfellum óþarfar, því aðeins í undantekningartilvikum þarf að gefa lyf oftar en 3svar á dag og þó að lyfið þurfi að gefa þrisvar, þá skiptir ekki máli þótt rúmir 8 tímar líði á milli gjafa. Undantekningar á þessum gætu verið sykursýkis-, asthma- og ofnæmislyf og hugsanlega lyf við ofvirkni. Í slíkum tilvikum er ráðlegt að fá skrifleg fyrirmæli frá lækni til að sýna leikskólastarfsmönnum.

Heilsugæslulæknar HVE Grundarfirði og Grundarfjarðarbær

## Foreldrasamstarf – Samvinna

Góð samvinna foreldra og starfsfólks leikskólans er forsenda fyrir árangursríkri dvöl og góðri líðan barnsins í leikskólanum. Samvinna foreldra og starfsfólks leikskólans þarf að byggja á gagnkvæmri virðingu og opnum samskiptum. Upplýsingar um breytingar á högum barnsins heima eru nauðsynlegar því að oft geta lítil atvik í lífi barns valdið breytingum á hegðun þess. Foreldrar eru velkomnir í leikskólann til þess að taka þátt í því starfi sem þar fer fram. Einnig er foreldrum velkomið að hringja í leikskólann til að spyrja um líðan barnsins og eins mun starfsfólk hringja ef þörf krefur. Mjög gott er að fá ábendingu frá foreldrum um það sem betur má fara og einnig það sem vel er gert. Það er mjög mikilvægt að allar ábendingar komi beint til deildarstjóra eða skólastjóra.

Símanúmer:

- Skrifstofa leikskólastjóra: 438 6645
- Músadeild: 4308523
- Drekadeild: 4308522
- Eldhús: 4308521

## Trúnaður – tilkynningarskylda

Leikskólinn leggur áherslu á að fullur trúnaður ríki um allar upplýsingar er varða börnin og foreldra þeirra. Hverjum starfsmanni er skylt að gæta þagmælsku um atriði er hann fær vitneskju um í starfi sínu. Allt starfsfólk leikskóla undirritar sérstakt þagnarheit sem helst þó látið sé af starfi. Ef leikskólakennarar telja að líkamlegum og/eða andlegum þörfum barns sé ekki sinnt ber að tilkynna það barnaverndar-yfirvöldum sbr. 13.gr. laga um málefni barna og ungmenna. Í leikskólanum er ákveðin verklagsferill ef upp kemur grunur um vanrækslu eða ofbeldi gegn barni og er hann eftirfarandi:

- Ef kviknar grunur hjá starfsmanni þá er málið rætt innan deildar ásamt leikskólastjóra
- Ef um vanrækslu er að ræða þá er rætt við foreldra (stundum þurfa foreldrar fræðslu)
- Gefin tími til úrbóta í samráði við leikskólastjóra.
- Leikskólastjóri tilkynnir til barnaverndarnefndar ef þarf.

Ef upp kemur grunur um einhvers konar brot gegn barni þarf að meta hvert tilvik fyrir sig. Ef um vanrækslu er að ræða þá þarf að boða foreldra í viðtal, benda þeim á það sem er að og gefa þeim tækifæri á að lagfæra það. Í viðtalinu er foreldrum gerð grein fyrir því að ef hlutirnir lagast ekki á þessum tíma þá muni leikskólastjóri tilkynna til barnaverndar. Ef grunur leikur á að um líkamlegt ofbeldi sé að ræða þá er tilkynnt beint til barnaverndar, foreldrar eru ekki boðaðir á fund.

## **Leikskólastjóri tilkynnir alltaf fyrir hönd leikskólans.**

Ef við sjáum að börn eru ekki spennt í bílbelti eða eru ekki í viðurkenndum öryggisbúnaði í bílum þá er sjálfsagt mál að benda foreldrum á að þeim beri skylda til að spenna börn í bíla. Ef starfsfólk treystir sér ekki til að benda foreldrum á þetta þá koma þeir til leikskólastjóra sem ræðir við foreldra. Menningarmunur getur haft eitthvað segja. Það er í okkar verkahring að benda erlendu fólki á þau lög og reglur sem gilda hér á landi.

### **Vistunartími – gjöld – afsláttur**

Leikskólinn opnar kl. 7:45 og lokar 16:00. Boðið er upp á breytilegan vistunartíma. Vilji foreldrar stytta eða lengja vistunartíma þarf að sækja um það fyrir 20. hvers mánaðar. Hið sama á við um uppsögn á leikskólaplássi. Ef barn hættir fyrirvaralaust verður að greiða uppsagnarfrestinn. Skilyrði fyrir leikskóladvöl er að viðkomandi eigi lögheimili í Grundarfirði og sé með kennitölu. Þar sem leikskólinn notar kerfi sem heitir Karellen þá þarf kennitölu til að skrá barn inn í leikskólann. Öll börn eru skráð í kerfið og leikskólagjöld eru einnig tekin í gegnum þetta kerfi. Foreldrar geta svo sótt sér app þar sem þeir sjá hvernig barnið svaf, borðaði og fá sendar myndir af leik og starfi barnsins í leikskólanum.

Leikskólagjald er innheimt með gíróseðli í byrjun mánaðar. Leikskólagjald er greitt fyrirfram. Matargjald er ekki hluti af leikskólagjaldi en er þó innheimt um leið og leikskólagjaldið. Gjaldskrá er að jafnaði endurskoðuð einu sinni á ári og taka breytingar mið af launa- og framfærsluvísitölu. Breytingar á gjaldskrá eru ákveðnar af rekstraraðila.



Hafi forráðamaður ekki staðið skil á leikskólagjöldum í tvo mánuði hefur hann fyrirgert rétti barnsins til dvalarinnar, hafi ekki verið samið um annað.

Systkinaafsláttur er 50% af leikskólagjaldi fyrir annað barn og 100% fyrir 3 barn.

40% afsláttur er af leikskólagjaldi fyrir börn einstæðra foreldra og námsmenn, skilyrði til að fá námsmannaafslátt er að báðir foreldrar séu í a.m.k. 75% námi.

### **Sérfræðiþjónusta:**

Félags- og skólaþjónusta Snæfellinga er með ráðgjafþjónustu til foreldra og starfsfólks leikskólans. Hægt er að sækja um ráðgjöf hjá sálfræðingi og talmeinafræðingi á þar til gerðum eyðublöðum sem hægt er að nálgast hjá leikskólastjóra. Ekki er sótt um ráðgjöf vegna barns nema með leyfi foreldra.

Heimilisfang Félags- og skólaþjónustunnar er Klettsbúð 4 360 Hellissandur sími: 430 7800, fax: 430 7801 og heimasíða [www.fssf.is](http://www.fssf.is)

**Neyðarnúmer barnaverndar er 112**

### **Foreldraráð**

Kjósa skal foreldraráð við leikskóla og hefur leikskólastjóri frumkvæði að kosningu í ráðið. Kosningin skal fara fram í september á hverju ári og skulu sitja að lágmarki þrír foreldrar í ráðinu til eins árs í senn. Foreldraráð setur sér starfsreglur og ber leikskólastjóra að starfa með foreldraráðinu. Hlutverk foreldraráðs er að fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra til foreldra. Foreldraráð hefur einnig umsagnarrétt á meiriháttar breytingum á leikskólastarfinu.

Samkvæmt 11. Gr. Laga um leikskóla nr. 90/2008

## Foreldrafélag

Við leikskólann Sólvelli er starfrækt foreldrafélag sem er góð viðbót við starf leikskólans. Það tekur þátt og heldur utan um ýmsar skemmtanir yfir árið. Ný stjórn er kosin árlega og eru 3 foreldrapör sem starfa saman hverju sinni. Þó er alltaf 1 par sem heldur áfram til að leiðbeina nýjum aðilum í stjórninni, einskona meðstjórnandi eða aðstoð.

Foreldrafélagið sér um:


Öskudagsskemmtun í íþróttahúsinu ásamt foreldrafélagi Grunnskólans.

gjafir frá jólasveinum á jólaballi leikskólans

páskaeggjaleit

Ýmsar tilfallandi uppákomur s.s. heimsóknir leikhópa.

Útskriftargjafir fyrir elsta árgang leikskólans.



## FÁLIÐUNNARREGLUR - VINNUREGLUR

Viðbrögð og aðgerðir vegna undirmönnunar sem skapast vegna veikinda og annarra fjarvista starfsmanna leikskólans Sólvalla.

Undirmönnun telst þegar barnafjöldi á leikskólakennara/leiðbeinanda fer yfir þau viðmið sem rekstraraðili setur um barnafjölda og er í samræmi við reglugerð Menntamálaráðuneytis.

Ávallt skal skoða hlutfall starfsmanna og þeirra nemenda sem mættir eru í skólann hverju sinni.

Þurfi að skerða dvalartíma nemenda, skal dreifa skerðingunni eins og kostur er.

Sé um einföldun á starfsemi skólans að ræða eða dvalartímar nemenda skertir, skal ákvörðun um það tekin af leikskólastjóra og deildastjórum. Leikskólastjóri og deildastjórar leggja til með hvaða hætti skerðing og einföldun verði.

Reynt skal að tilkynna foreldrum um skerðingu með eins löngum fyrirvara og kostur er. Þá skal reynt að gefa foreldrum aðvörun ef líkur eru á neyðarástandi, en leikskólinn áskilur sér þann rétt að grípa til fyrirvaralausrar skerðingar vegna óviðráðanlegrar undirmönnunar.

Aðgerðir til að mæta undirmönnun:

Afleysingarstaða er ekki bundin ákveðinni deild, heldur fer hún á milli deilda eftir þörfum.

Starfsemi einfölduð.

Dvalartímar nemenda skertur, eða foreldrar beðnir að sækja börn sín fyrr.

Leikskólastjóri hefur heimild til að nýta stuðningsstöðu og sérkennslu til afleysinga við þessar aðstæður.

Leikskólinn grípur til aðgerða á þriðja degi undirmönnunar á eftirfarandi hátt:

Vanti 1-2 starfsmenn af deildum í fleiri en 2 daga verður leikskólastjóri að senda nemendur heim eða skerða dvalartíma þeirra.

Komi til skerðingar skulu systkini vera heima á sama tíma.

Skerðing getur verið fólgin í að nemendur séu heima, ýmist hluta úr degi eða allan daginn.

Tryggt sé að allir nemendur verði fyrir skerðingu einu sinni áður en skerðing kemur til framkvæmda öðru sinni.

Til að koma í veg fyrir frekari skerðingu á þjónustu Leikskólans Sólvalla, skulu börn starfsmanna ekki send heim.

## Mat á skólastarfi

Innra mat: Innra mat hvers skóla byggist á kerfisbundinni aðferð sem lýst er í skólanámskrá. Í starfsáætlun skólans fyrir hvert skólaár kemur síðan fram hvaða þættir eru viðfangsefni innra mats. Innra mat skóla er markvisst fléttað saman við daglegt starf og nær til allra þátta skólastarfsins, s.s. stjórnunar, kennslu, námskrafna, námsmats, og samskipta innan og utan kennslustofunnar. (Aðalnámskrá Leikskóla, 2011 bl. 27).

Samningur við Skólapúlsinn er ein aðferð okkar til að meta innra starf skólans í heild sinni.

Samningurinn er tvíþættur, annarsvegar rafræn, foreldrakönnun og hins vegar starfsmannakönnun.

Foreldrakönnun metur viðhorf foreldra til eftirfarandi þátta:

Vinnubrögð í leikskólanum	Útivist og umhverfisvitund
Samstarf við starfsfólk deildar	Mataræði og matarmenning
Samskipti og upplýsingamiðlun	Tengsl leik- og grunnskóla
Aðstaða til leiks og náms	Samskipti barna utan leikskóla
Upphaf dvalar og flutningur milli deilda	Sérkennsla og stuðningur
Tækifæri til náms	Sérfræðipjónusta

Málörvun

Starf í takt við aðalnámskrá

Félagsfærni barna

Niðurstöður kannana eru birtar skólanum með samanburð við landið í heild. Leikskólinn notar síðan niðurstöðurnar til að bæta og þróa áfram starf sitt.

Einnig eru foreldraviðtöl og fundir, starfsmannaviðtöl og fundir, starfsdagar, deildar og /deildarstjórafundir og ferlimöppur barnanna, þáttur í innramati skólans

## Öryggismál

Foreldrar eru beðnir að skilja ekki ökutæki eftir í gangi fyrir utan leikskólann, útblástur ökutækjanna er í sömu hæð og börnin eru, og ekki gott fyrir þau að anda þessum útblæstri að sér.

Einnig að láta ekki börnin að vera eftirlitslaus á bílaplani skólans, þar sem mikil umferð er um planið og þau ekki há í loftinu, þannig að erfitt er að sjá þau í baksýnispegli þegar verið er að bakka.

Bílbeltanotkun leikskólabarna er alltaf í umræðunni. Viljum við biðja foreldra að fara eftir þeim reglum sem gilda og sýna væntumþykju sína í verki og spenna börn sín í belti í aftursæti. Þó barnið neiti þá eru það foreldrarnir sem ráða en ekki barnið. Foreldrar sýna gott fordæmi með því að spenna sjálf sig í belti.

**Það læra börnin sem fyrir þeim er haft.**

